Evrópuþing ungmenna með sérþarfir

Evrópuþing ungmenna með sérþarfir (Young Voices) var haldið í Portúgal 16. og 17. september. Þingið er haldið á fjögurra ára fresti og markmiðið er að gefa ungmennum með sérþarfir á aldrinum 16-22 ára tækifæri til að ræða saman um aðstæður sínar til menntunar ásamt því að koma á framfæri kröfum sínum og óskum um bætt skilyrði til menntunar. Rúmlega 80 þátttakendur voru á þinginu frá 29 Evrópulöndum. Fulltrúar Íslands voru þær Freyja Haraldsdóttir háskólanemi og Sandra Eyjólfsdóttir framhaldsskólanemi.

Fyrri dag þingsins var þátttakendum skipt í fjóra umræðuhópa eftir skólastigum. Tveir hópar fjölluðu um framhaldsskólastig, einn um verkmenntun og einn um háskólastig. Síðari daginn kynntu fulltrúar hópanna fjögurra niðurstöður sínar og fór sá fundur fram í þingsal portúgalska þingsins í Lissabon. Þá voru einnig sýnd veggspjöld sem allir þátttakendur höfðu útbúið fyrir þingið, þar sem þeir kynntu sjálfa sig og óskir sínar um menntun.

Margt athyglisvert kom fram á þinginu. Meðal annars kom fram að nemendur með sérþarfir vilja almennt stunda nám sitt við hlið annarra nemenda, efla þarf fræðslu til kennara um sérþarfir og aðgengismál þarf víða að bæta, bæði að byggingum og upplýsingum. Ungmennin gera þá kröfu að þau eigi sömu tækifæri til menntunar og aðrir. Allar niðurstöður sem fram komu hjá hópunum verða gefnar út í sérstöku riti á vegum Evrópumiðstöðvar fyrir þróun sérkennslu.

Íslensku þátttakendurnir á Evrópuþinginu vöktu mikla athygli. Hér ræða Sandra og Freyja við aðra þátttakendur á þinginu.

Evrópumerkið afhent

Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir afhenti Evrópumerkið við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu, 26. september síðastliðinn.

Frá vinstri: Árný Helga Reynisdóttir, Margrét Kristín Jónsdóttir, Anna Sjöfn Sigurðardóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Evrópumerkið hlaut ferðamálakjörsvið Menntaskólans á Akureyri fyrir verkefni sitt á sviði nýjunga í tungumálanámi og tungumálakennslu. Umsjónarmaður verkefnisins er Margrét Kristín Jónsdóttir. Auk þess hlaut verkefnið Tungumálakennarinn sem rannsakandi, sem þrír framhaldsskólar unnu á vegum Endurmenntunar Háskólans, sérstök verðlaun. Umsjónarmaður verkefnisins er Anna Sjöfn Sigurðardóttir.

Auk Evrópumerkisins, sem framkvæmdastjórn ESB og menntamálaráðuneyti veitir, voru vegleg bókaverðlaun veitt.

Íslensk menning í Brussel

Íslensk lista- og menningarhátíð verður haldin í Brussel á fyrri hluta árs 2008 í samstarfi við BOZAR lista- og menningarmiðstöðina í miðborg Brussel sem er stærsta og þekktasta stofnun í Belgíu á sínu sviði. Markmið hátíðarinnar er að kynna íslenskar listir og listamenn og efla ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

Hátíðin hefst 26. febrúar 2008 og mun standa fram undir miðjan júní. Yfirskrift hennar verður „Iceland - On the Edge“ með skírskotun til krafts og fjölbreytni í íslensku menningar- og efnahagslífi svo og legu landsins. Meðal helstu atriða er sýning á íslenskri samtímamyndlist, Pétur Gautur í flutningi Þjóðleikhússins, sýningar á vegum Íslenska dansflokksins og danshóps Ernu Ómarsdóttur, bókmenntakvöld um Halldór Laxness og um unga samtímahöfunda, íslenskar kvikmyndir, tónleikar með ungu íslensku tónlistarfólki á sviði sígildrar tónlistar og popptónlistar og sýnd íslensk drykkjarhorn úr Þjóðminjasafninu. Ráðgerð er sýning um nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið og að orkumálum verði gerð skil með fyrirlestrum.

Stefnt er að metnaðarfullri lista- og menningarhátíð í samræmi við stefnumið ríkisstjórnarinnar um að „ríkisstjórnin muni styðja menningu og listir sem mikilvægan hluta af aðdráttarafli landsins og vaxandi uppsprettu útflutningstekna“.

Íslensk stjórnvöld, Reykjavíkurborg, Ferðamálastofa og Útflutningsráð koma að verkefninu. Landsbanki Íslands er máttarstólpi hátíðarinnar. Aðrir samstarfsaðilar eru Icelandair og Icelandair Cargo.

Göngum í skólann

Þann 3. október hófst formlega verkefnið Göngum í skólann sem stendur út októbermánuð. Verkefninu er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla. Þannig hreyfa allir sig meira, minni umferð verður við skólana og ganga um hverfið vekur fólk til vitundar um sitt nánasta umhverfi og öryggi í umferðinni.

Ísland tekur nú í fyrsta sinn þátt í þessu alþjóðlega verkefni. Á síðasta ári tóku milljónir barna þátt í verkefninu í um fjörutíu löndum víðs vegar um heim. Bakhjarlar Göngum í skólann eru Lýðheilsustöð, Umferðarstofa (ásamt móðurskólum í umferðarfræðslu), ríkislögreglustjóri, menntamálaráðuneyti, Slysavarnafélagið -Landsbjörg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Heimili og skóli.

Gengið í skólann

Allir grunnskólar í landinu hafa verið hvattir til að taka þátt í Göngum í skólann og skrá skólann til leiks.

Key Data on Higher Education in Europe

Nýlega kom út á vegum Eurydice, upplýsinganets um menntamál í Evrópu, ritið **Key Data on Higher Education in Europe**. Í ritinu er meðal annars fjallað um fjármögnun háskólastigsins, námslán og styrki og hvernig háskólanemendur nýta sér möguleika til náms í öðru Evrópulandi. Ritið má nálgast á vef Eurydice.

Ritstj: Hrafnhildur Tryggvadóttir hrafnhildur.tryggvadottir@mrn.stjr.is · Ábm. Guðmundur Árnason menntamalaraduneyti.is · ISSN 1670-0015 04.10.2007